

Nd.

253. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 57, 22. nóv. 1907 um vegi (Stykkishólmsvegur).

Lögin 9. sept. 1899 um þenna veg gera raunar ráð fyrir því, að sýslurnar kosti viðhald hans, en lög 22. nóv. 1907 um vegi taka hann beinlínis í tölu þjóðvega (3. gr. 8. tölul.) og sýnist því sjálfsagt að viðhaldi hans sje háttað sem viðhaldi annara þjóðvega. En fyrsta málsgrein 18. gr. vegalaganna, sú málsgrein sem þetta frv. vill fella úr, gerir þann mun einan á þessum þjóðvegi og öðrum, að 14. gr. vegalaganna nær ekki til hans. Nú er það sem fyr segir sjálfsagt að allir þjóðvegir komi undir sömu grein laganna og breyting þessi mundi eigi baka landssjóði neinn kostnað, sem geti verið umtalsverður, og varð því nefndin á einu máli um það, að leggja til að frumvarp þetta yrði gert að lögum.

Alþingi, 6. ágúst 1915.

Sigurður Gunnarsson,
formaður.

Bjarni Jónsson frá Vogu,
skrifari.

Jón Jónsson.

Pjetur Jónsson.

Jóhann Eyjólfsson.